

098/00 - Bv. Rán HF-42

Rán HF-42, skipverji slasast þegar pokagils losnar og slæst til

Bv. Rán HF-42

Skipaskr.nr.: 2182

Smíðaður: á Spáni 1990 úr stáli

Stærð: 598,02 brl; 1.199,00 bt

Lengd: 51,45 m **Breidd:** 11,90 m **Dýpt:** 7,23 m

Vél: Wartsila 2.200,00 kW **Árgerð:** 1991

Annað:

Földi skipverja: 26



Rán ©Fiskifélag Íslands

Atvikalýsing

Hinn 25. september 2000 var bv. Rán að veiðum á Lónsdýpi. Veður: norðaustan 2 vindstig, þokuslæðingur.

Skipverjar voru að hífa inn veiðarfæri er í ljós kom að bakstroffur á bakborðshlera voru slitnar. Var notaður pokagils og keðjuvasi til að ná slaka á dauðalegg svo að tengja mætti hann við grandaraleiðara. Þegar lokið var við að tengja dauðalegg og grandaraleiðara saman ókláraðist pokagils á dauðaleggnum. Átti að hífa samtímis í grandaraleiðara og pokagilsinn þegar pokagilsinn losnaði frá dauðaleggnum og slóst fram eftir skipinu. Lenti gilsinn á þeim er stjórnaði hífingu svo að hann kastaðist út í síðu og fór úr axlarlið.

Hlúð var að hinum slasaða um borð samkvæmt ráðleggingum læknis í síma.

Við rannsókn kom fram

- að ekki er samræmi í frásögn skipverja af því hver stjórnaði vindu þegar slysið varð. Hinn slasaði sagði að annar skipverji hefði stjórnað vindunni frá stjórnþalli skipsins en samkvæmt bókun í dagbók skipsins stjórnaði hinn slasaði vindunni;
- að eftir að skipverjar höfðu náð nægum slaka á dauðalegginn til að losa hann úr hleranum og tengja við grandaraleiðarann var slakað í gilsinn til að koma áttakinu á grandaraleiðarann niður í veiðarfærarennuna. Við þessar tilfæringar skrapp gilsinn fyrir hornið á skutlunningunni og skutrennulunningunni og slóst fram eftir skutrennunni en gilsinn hafi legið á skutlunningunni áður en hann skrapp til og fyrir hornið;
- að hinn slasaði sagðist hafa verið við skutrennulunninguna og verið að gefa bendingar til stjórnanda vindu sem var á stjórnþalli þegar hann hafi fengið mikið högg á bakið og kastast til;
- að ekki var verið að hífa eða slaka á þeim tíma sem gilsvírinn skrapp fyrir hornið á skutlunningu og skutrennulunningu.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins megi rekja til óaðgæslu við vinnuferlið. Huga hefði þurft betur að átaksstefnu á gilsvírnum og hreyfingum skips og veiðarfæris í sjónum. Koma mátti í veg fyrir slysið með því að setja gilsinn í stýriblokk á skutnum eða stjórna skipinu þannig að veiðarfærið væri vel yfir til bakborða á meðan átakið var á gilsinn.

